

SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Sætúni 1 · 105 Reykjavík · Sími 561 0769 · Símbref 561 0774

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík


Alþingi
Erindi nr. P 135/270
komudagur 20.11.2007

Reykjavík 20. nóvember 2007.

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aukinn þorskafla á fiskveiðiarinu 2007 – 2008, 5. mál.

Sjómannasamband Íslands hefði síður en svo á móti því að veiðiheimildir í þorski yrðu auknar umtalsvert á yfirstandandi fiskveiðiarinu. Hins vegar getur sambandið ekki fallist á aukningu nema tillaga þar um byggist á vísindalegri ráðgjöf þeirrar stofnunar eða vísindamanna sem eiga að hafa hvað besta þekkingu á stærð þorskstofnsins. Veiðiheimildir í þorski voru einmitt skornar niður um rúm 60 þús. tonn vegna ráðgjafar Hafrannsóknastofnunarinnar um hvað væri skynsamlegt að veiða mikið úr stofninum á yfirstandandi fiskveiðiarinu. Eftir því sem best er vitað hefur stofnunin ekki breytt mati sínu á því frá því í sumar. Vel má vera að stofnunin hafi rangt fyrir sér varðandi stærð þorskstofnsins og Sjómannasamband Íslands á enga ósk heitari en að svo sé. Sjómannasamband Íslands getur tekið undir flestar þær röksemdir sem færðar eru fyrir þingsályktunartillögunni. Sambandið getur hins vegar ekki stutt tillöguna nema fyrir liggja rökstuðningur studdur vísindagögnum fyrir því að Hafrannsóknastofnunin hafi vanmetið stofnstærð þorskstofnsins síðastliðið vor. Í því ljósi er brýnt að Alþingi stóruki fjárveitingu til hafrannsóknna til að hægt sé að rannsaka þorskstofninn, stærð hans og hegðun, mun betur en gert er. Í framhaldi af auknum rannsóknum er síðan hægt að taka ábyrga afstöðu til þess hvort óhætt er að auka við veiðiheimildir í þorski á yfirstandandi og næstu fiskveiðiarum. Eins og staðan er nú telur Sjómannasamband Íslands það ábyrgðarleysi að samþykkja þingsályktunartillöguna þar sem ekki liggja fyrir ný vísindaleg gögn eða nýtt mat hæfustu sérfræðinga á því að 40.000 tonna aukin veiði á yfirstandandi fiskveiðiarinu hafi ekki neikvæð áhrif á stærð, vöxt og viðkomu þorskstofnsins. Að svo stöddu getur Sjómannasamband Íslands því ekki stutt þingsályktunartillöguna.

f.h. Sjómannasambands Íslands,


Hólmgeir Jónsson